Á fundi 8/5
Lagt fram af VSÍ.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1960
komudagur 9/5 1996

6. gr. d. liðar (23. Gr.) orðist svo:

Heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og eftir atvikum landssambönd þeirra skulu í samráði við aðildarfélög sín gera áætlun um skipulag viðræðna við endurnýjun kjarasamninga. Viðræðuáætlun undirrituð af báðum aðilum skal þegar í stað send ríkissáttasemjara og í síðasta lagi 10 vikum áður en gildandi kjarasamningar eru lausir.
Í síðasta lagi átta vikum áður en almennir kjarasamningar eru lausir skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir komandi kjarasamninga. Skal sáttasemjari þá taka mið af af þeim viðræðuáætlunum heildarsamtakkanna eða aðildarfélaga þeirra sem honum hafa borist. Sáttasemjari skal áður hafa kynnt þær öðrum félögum sem hann telur málið varða og tekið afstöðu til athugasemda þeirra.